

Starfsábyrgðartrygging verk- og tæknifræðinga er valkvæð ábyrgðartrygging gegn skaðabótaábyrgð verk- og/eða tæknifræðings vegna yfirsjóna eða mistaka með þeim undanþágum sem fram koma í skilmálum. Um trygginguna gilda þessir skilmálar og almennir skilmálar félagsins nr. 001

Vátryggður er sá verk- eða tæknifræðingur sem skráður er á vátryggingarskírteini.

1. gr. Hvar gildir tryggingin?

Vátryggingin gildir á Íslandi nema um annað sé samið.

2. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin greiðir bætur vegna skaðabótaábyrgðar sem fellur á vátryggðan vegna yfirsjóna eða mistaka í starfi hans sem verk- eða tæknifræðings.

3. gr. Undanskilin áhætta

Eftirfarandi er undanskilið ábyrgð félagsins:

- Krafa sem eingöngu er reist á ábyrgðarskuldbindingu („garanti“) eða annarri skuldbindingu af hálfu vátryggðs sem felur í sér viðtækari ábyrgð en venjuleg skaðabótaskylda ráðgefandi tækni- eða verkfræðings. Sama á við um loforð um aðrar eða meiri bætur en leiðir af almennum réttarreglum um ákvörðun skaðabóta.
- Krafa, sem rís vegna þess að loforð, áætlun eða upplýsingar varðandi kostnað við byggingarframkvæmdir eða lengd byggingartíma reynast rangar.
- Tjón er vátryggður verður fyrir vegna vinnu sem inna þarf af hendi til þess að komast að raun um orsakir tjónsatviks eða bæta úr ágöllum sem leiddu til atviksins, þar á meðal vinnu við endurútreikning, endurhönnun eða endurbætur á verklýsingu eða gerð áætlunar í því skyni að bæta úr tjóni.
- Tjón sem venjuleg ábyrgðartrygging fyrir atvinnurekstur tekur til, þ.e. skaðabótaábyrgðar vegna vegna líkamstjóns eða skemmda á munum.
- Krafa vegna skemmda eða glötunar muna, sem vátryggður hefur að láni, á leigu eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans.
- Krafa sem fellur á vátryggðan vegna verktakastarfsemi eða smíði á hans vegum eða vegna þess að hann selur eða afhendir efni eða aðra hluti.
- Tjón sem rakið verður til þess að vátryggður hefur umsjón með eða sér um rekstur á fasteign, ef sú starfsemi er ekki í tengslum við verkefni, sem vátryggður tekur að sér sem ráðgefandi tækni- eða verkfræðingur.
- Tjón sem vátryggður verður fyrir vegna þess að hann tekur sem eignaraðili þátt í byggingarframkvæmdum.
- Krafa, er stofnast vegna þess að notað er nýtt óreynt efni, ný óreynd hönnun, vinnuaðferð eða útbúnaður sem að álitni viðurkenndra sérfræðinga þótti ekki varlegt að nota þegar ákvörðun um notkun var tekin þegar hönnun fór fram eða þegar tjón bar að höndum.
- Hvers konar afleidd tjón þ.m.t. tjón vegna missis hagnaðar.
- Krafa sem rakin verður til brots á hugverka- eða auðkennarétti í eigu þriðja manns.
- Tjón sem rakið er til þess að skjöl hafa tapast.
- Skaðabótakrafa sem rakin verður til verkefnis sem vátryggður tekur þátt í sem samstarfsaðili, nema félaginu hafi áður en verkefnið hófst borist tilkynning um samstarfið. Enda þótt slík tilkynning hafi borist ber félagið þó aldrei frekari ábyrgð en sem nemur hlutdeildarþátttöku vátryggðs.
- Kröfur sem eiga rót sína að rekja til þess, að vátryggður hefur ekki keypt og/eða haldið við nægilegri vátryggingarvernd, ekki útvegað umsamdar ábyrgðir né lagt fram fjármagn. Hið sama gildir um kröfur sem eiga rót sína að rekja til fjárhagslegra ráðlegginga vátryggðs.
- Skaðabótakrafa sem rakin verður til þess að vátryggður gerist sekur um mistök eða vanrækslu við eftirlitsstarf, nema honum takist að sanna að hann hafi rækt eftirlitsskyldu sína í þeim mæli, sem almennt verður að telja eðlilegt og venjulegt.

4. gr. Tímatakörk

Vátryggingin tekur til skaðabótakröfu gegn vátryggðum sem til stofnast á vátryggingartímanum, án tillits til þess hvenær það atvik varð, sem krafan reis af.

Skaðabótakrafa telst gerð þegar hið fyrra af eftirfarandi tilvikum hefur borið að höndum:

- Að þriðji maður gerir skriflega skaðabótakröfu á hendur vátryggðum.
- Að vátryggðum verður fyrst kunnugt um, að þriðji maður hefur orðið fyrir fjárhagslegu tjóni, sem kann að verða rakið til gáleysis vátryggðs eða starfsmanna hans, eða að bein hætta er á að slíkt tjón verði.

Vátryggingin tekur ekki til tjóns vegna skaðabótakröfu, sem gerð hefur verið á hendur vátryggðum á vátryggingartímanum, hafi krafan ekki verið tilkynnt félaginu í síðasta lagi 3 mánuðum eftir lok vátryggingarinnar. Þótt tjón teljist hafa orðið á vátryggingartímanum og það hafi verið tilkynnt félaginu innan 3 mánaða eftir lok vátryggingarinnar, tekur vátryggingin ekki til slíks tjóns nema vátryggður hafi mótttekið skriflega skaðabótakröfu og tilkynni það félaginu í síðasta lagi innan 2 ára eftir lok vátryggingarinnar.